


Kópavogsbær
Tjörvi Dýrfjörð, formaður leikskólanefndar Kópavogs
Fannborg 2
200 Kópavogur



Kópavogur, 24. febrúar 2011

Starfsmannastefna Kópavogsbæjar, umhverfi leikskólans

Óskað ef eftir því að bæjaryfirvöld geri grein fyrir hvernig bærinn ætlar að leiða til sín hæft starfsfólk til starfa á leikskólum Kópavogs þegar stefna bæjarins er að lækka laun starfsmanna án tengsla við almenna kjarasamninga sem gerðir eru á milli stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Ákvörðun um afnám starfsmannaafsláttar af leikskólagjöldum mun leiða af sér flotta hæfra starfsmanna úr starfi hjá Kópavogsbæ til sambærilegri starfa á betri kjörum hjá Reykjavíkurborg og nágrennasveitarfélögum. Starfsumhverfi leikskóla er viðkvæmt fyrir breytingum og síðastliðin ár hefur starfsmannaveita verið mikil á leikskólunum og er þessi ákvörðun ekki til þess fallin að styrkja starfsumhverfi leikskólans í Kópavogi.

Óskað er eftir svari sem fyrst.

Virðingarfyllt,

Friðrik Friðriksson,
áheyrnarfulltrúi foreldra í leikskólanefnd
Hjallabrekka 36 / Kópavogi